

Samhentir Kassagerð hf.
Suðurhrauni 4a
210 Garðabæ

Akureyri, 11. september 2023
UST202304-114/H.Ö.J.
07.07.02

Söluskrár 2022 fyrir notendaleyfisskyldar vörur - Málslok

Vísað er til bréfs dags. 26. apríl 2023 þar sem Umhverfisstofnun kallaði eftir skrá yfir sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum fyrir árið 2022. Stofnunin hefur nú lokið úrvinnslu á innsendum gögnum.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, þær kröfur sem gilda um markaðssetningu, kaup og móttöku notendaleyfisskyldra vara vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun vekur athygli á ábyrgð fyrirtækja skv. 4. mgr. 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna en þar er kveðið á um að sá sem markaðssetur notendaleyfisskyldar vörur beri ábyrgð á því að einungis handhöfum notendaleyfa séu afhentar slíkar vöru.

Sala á notendaleyfisskyldum vörum til einstaklinga sem ekki eru með notendaleyfi í gildi telst því vera brot á ákvæðum 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021.

Af kaupendum ofangreindra vara á árinu 2022 reyndust tólf ekki vera með notendaleyfi í gildi eða notendaleyfishafi var ekki skráður við kaupin.

Stofnunin ítrekaði í eftirlitsskýrslu við fyrirtækið að uppfylla skyldur sínar skv. 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021 hvað þetta varðar og ítrekar jafnframt að verklagsreglum sem fyrirtækið hefur útbúið á árinu 2018 um sölu og afhendingu notendaleyfisskyldra vara skuli vera framfylgt. Að framansögðu telst málinu lokið.

Listi yfir einstaklinga sem eru með notendaleyfi í gildi hverju sinni er birtur á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni:

<https://ust.is/atvinnulif/efni/notendaleyfi-og-abyrgdarmenn/>

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita tilteknum þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr. og álagningu dagsekta allt að 500.000 kr. á dag sbr. 56. grein. Framkvæmd ráðstöfunar getur í eftirliti sem þessu verið m.a.

leiðrétting á upplýsingum um notendaleyfishafa við kaup og afhendingu fyrir innsendar skrár yfir sölu.

Jafnframt vekur Umhverfisstofnun athygli á því að í XIV. kafla efnalaga er kveðið á um viðurlög vegna brota á tilteknum ákvæðum laganna. Samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 62. gr. getur Umhverfisstofnun lagt stjórnvaldssektir á lögaðila sem brýtur gegn 24. gr. laganna en nánar er kveðið á um álagningu sekta í reglugerð nr. 590/2018 um stjórnvaldssektir fyrir brot á efnalögum. Í 7. gr. reglugerðarinnar segir að við ákvörðun sektar, allt að 25.000.000 kr. vegna brota á 24. gr. efnalaga um markaðssetningu eiturefna sem og tiltekinna varnarefna sem ætluð eru til notkunar í atvinnuskyni, skuli miða við 10.000 kr. fyrir hverja selda eða afhenta vöru, að viðbættu andvirði hvernar sölueiningar af vörunni.

Nánari upplýsingar veitir Helga Ösp Jónsdóttir, sérfræðingur Umhverfisstofnunar, í síma 591-2000 eða gegnum netfangið helga.jonsdottir@ust.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllt,

Helga Ösp Jónsdóttir,
sérfræðingur

Hafdís Inga Ingvarsdóttir,
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla